

## 22. Frumvarp

til laga um birtingu útvarpaðra veðurfregna.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

### 1. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er, eða sjósókn er talin sérstaklega hættuleg, eða þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem Veðurstofan gefur út og útvarpað er frá Útvarpsstöðinni í Reykjavík.

### 2. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er að flestir geti haft þeirra not og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttekin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregningunum, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

### 3. gr.

Sá, sem tekur að sér birtingu veðurfregna, eigi móttökutæki sitt sjálfur og kosti og annist viðhald þess, enda hafi það þann styrkleika, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn gerir kröfu til.

4. gr.

Þóknun fyrir birtingu veðurfregna samkv. 1. gr., greiðist að hálfu úr ríkissjóði þó ekki yfir 50 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist þóknunin úr hlutaðeigandi hreppssjóði eða bæjarsjóði, samkvæmt fyrirframgerðum samningi, sem atvinnumálaráðherra hefir samþykkt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í fjárlögum ársins 1932 eru Fiskifélagi Íslands veittar 5000 kr. til þess að láta birta í veiðistöðvum landsins, veðurfregnir þær, sem útvarpað er frá Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík, og er þá jafnframt gert ráð fyrir, að samtímis verði hætt að birta veðurfregnir Veðurstofunnar á símastöðvunum, eins og verið hefir. Var gert ráð fyrir, að fyrst í stað mundu menn út um landið sakna svo þeirra veðurfregna, sem birtar voru á símastöðvunum, að nauðsynlegt væri að láta afrita og festa upp veðurfregnir útvarpsins, einkum meðan móttökutækjum væri að fjölga og menn væru að venjast við að notfæra sér veðurfregnir útvarpsins.

Fiskifélagið bjó því til lista yfir þá staði á landinu, þar sem það áleizt nauðsynlegt að festa þessar veðurfregnir upp, og reyndust það að vera 59 staðir á landinu, sem telja varð nauðsynlegt að festa þessar veðurfregnir upp á, en auk þess hagar svo til á sumum stöðum, t. d. Seyðisfirði og víðar, að strandlengjan, sem veðurskeytin áttu að koma að notum, er svo löng, að nauðsynlegt er talið að festa skeytin upp á 2 stöðum og verður á slíkum stöðum eðlilega að borga meir fyrir móttöku þeirra og birtingu. Þegar svo enn fremur bætist við kostnaður við útsendingu eyðublaða, var ekki hægt að borga nema 80 krónur á hverjum stað fyrir þetta verk, en þá var ætlast til að veðurskeyti þessi væru fest upp tvisvar á dag allt árið.

Fiskifélagið valdi því næst þá menn, sem það bar bezt traust til á þessum 59 stöðum og bað þá að taka þetta verk að sér, eða gætu þeir það ekki sjálfir, þá að útvega annan ábyggilegan mann, sem móttökutæki hefði til þess að taka þetta að sér, gegn 80 króna þóknun á ári.

Fiskifélaginu hafa þegar borizt svör frá nokkrum þessara manna og kvarta þeir yfirleitt flestir um það, hve þóknunin sé lág. Þó er það yfirleitt þannig, eftir svörunum að dæma, að í smáplássunum hafa menn þeir, sem Fiskifélagið hefir skrifað, lofað að taka þetta verk að sér, en hafa þó jafnframt margir tekið það fram, að þeir sæu ekki ástæðu til þess að festa upp veðurskeyti nema þann tíma ársins, sem sjóróðrar væru stundaðir, og má búast við, að þannig verði það framkvæmt. Aftur á móti hefir félaginu yfirleitt ekki tekizt að fá menn til þess, fyrir þessa þóknun, í hinum meiri háttar útgerðarstöðvum, þar sem vertið er lengri, sumstaðar jafnvel allt árið, og kaupgjald herra.

Þá hefir félagið líka fengið aðfinnslur fyrir að hafa sleppt úr stöðum, sem alveg eins eiga heimtingu á að fá birtar veðurfregnir, eins og aðrir þeir staðir, sem félagið hefir valið, en ætti að fjölga þessum stöðum meira, yrði auðvitað að lækka þóknunina á hverjum stað, eða þá að hækka tillag það, sem til þessara birtinga er ætlað.

Það virðist því liggja beinast við, að leggja það á vald hreppa og bæjarstjórna, ásamt íbúum hlutaðeigandi verstöðva, hvort birta eigi þessar veðurfregnir framvegis, og þá hve oft og hve langan tíma á ári.

#### Um 1. gr.

Hér er það héruðunum eða verstöðvunum í sjálfsvald sett, hvort og hve lengi þau óski eftir að veðurfregnirnar séu birtar þar. Það er efamál hvort það er nægilega tryggt, að láta meiri hluta hreppsþúa ákveða hvort veðurfregnir séu birtar á einhverjum stað í hreppnum, eða ekki, sérstaklega þegar svo hagar til, að hreppurinn er tvískiptur í landbúnaðarhérað og verstöð. Þá má gera ráð fyrir, að sá hluti hreppsþúa, sem ekki telur sig hafa gagn af veðurfregnum, eða geta verið án þeirra, vildi losna við þann kostnað, sem birtingin hefir í för með sér. Hér er því gert ráð fyrir, að ef meiri hluti fullorðinna íbúa í einhverri veiðistöð eða sjávarþorpi fer þess á leit, þá beri hreppsnefnd eða bæjarstjórn þess héraðs skylda til að sjá um, að þessi beiðni verði tekin til greina.

#### Um 2. gr.

Til þess að hægara sé og fljótlegra að skrifa niður veðurfregnirnar er óhjákvæmilegt að nota til þess sérstök eyðublöð og þurfa þau að vera eins á öllu landinu og útvarpið að haga upplestri veðurfregnanna í samræmi við það. Það er því gert ráð fyrir, að Veðurstofan leggi til þessi eyðublöð og séu þau send þaðan kostnaðarlaust til þeirra manna úti um land, sem hreppar eða bæjarstjórnir hafa útvegað til þess að annast birtingu veðurfregnanna.

#### Um 3. gr.

Grein þessi þarf ekki skýringar við.

#### Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að hrepps- eða bæjarstjórnir geri skriflegan samning við þá menn, er taka að sér birtingu veðurfregnanna í umdæmi þeirra og að atvinnumálaráðherra samþykki þenna samning fyrir hönd ríkisins, þar sem því er ætlað að greiða allt að helmingi kostnaðar við birtinguna, sem þó þykir rétt að takmarka þannig, að eigi fari fram úr 50 kr. á neinum stað.

#### Um 5. gr.

Þar sem styrkur sá, sem Fiskifélaginu er ætlaður fyrir birtingu veðurfregnanna er nú bundinn við árið 1932, er gert ráð fyrir, að lög þessi komi til framkvæmda, að þeim tíma liðnum.